

Nd. 428. Frumvarp til laga [229. mál]  
um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Daniel Ágústínusson.

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Enn fremur er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið, og til hvers sem það er ætlað, svo og eldspýtur. Vindlinga og tóbak og efni til vindlingagerðar skal þó ekki flytja til landsins.

2. gr.

Síðari málsliður 3. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Síðari málsg. 7. gr. laganna falli brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

#### Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggja nú nokkur þingmál, sem flutt eru í þeim tilgangi að draga úr sigarettureykingum þjóðarinnar og vara við þeim hættum, sem þeim eru samfara. Má þar nefna tillögu til þingsályktunar um varnir gegn sigarettureykingum á þskj. 83, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf á þskj. 116 og einnig á þskj. 235. Allur þessi tilöguflutningur sýnir þann ótta, sem með mörgum býr um afleiðingar hinna ört vaxandi sigarettureykinga á heilsufar þjóðarinnar, verði ekkert að gert. Hann er jafnframt sýnilegur árangur af baráttu nokkurra lækna, sem hafa verið ómyrkir í máli sínu og óþreytandi að skýra þjóðinni í ræðum og ritgerðum frá vísindalegum staðreyndum, sem fram hafa komið í Evrópu og Ameríku síðustu árin, — staðreyndum, sem eru svo vel rökstuddar, að engum dettur lengur í hug að bera brigður á réttmæti þeirra. Það, sem fyrir nokkrum árum var talin skoðun nokkurra sérvitringa, hefur nú verið rökstutt af hinum færustu sérfræðingum og vísindamönnum, og leynir sér ekki, að almenningsálitið hefur tekið stórkostlegum breytingum á stuttum tíma gagnvart hinu geigvænlega vandamáli, sem sigarettureykingarnar eru fyrir unga og aldna. Ágætur málflutningur lækna á s. l. ári hefur orðið til þess að vekja marga til umhugsunar um skaðsemi sigarettureykinganna og áreiðanlega haft þau áhrif, í bili a. m. k., að ýmsir hafa tekið þann kostinn að hætta reykingum. Samtök hafa myndast á vinnustöðum gegn reykingum. Þetta eru mjög góðar fréttir, sem vonandi halda áfram að birtast þjóðinni og efla almenningsálitið gegn hættunni, sem við er að glíma. Hér er stigið merkilegt spor í rétta átt.

Hins vegar ætti öllum að vera ljóst, að þetta leysir ekki vandann nema að nokkru leyti. Margir hætta reykingum um tíma og byrja svo aftur. Þeir óttast áróðurinn fyrst um hættuna, en skortir svo viljastyrk og úthald, enda óþægilegt, þegar vinir og kunningjar bjóða sigarettu sí og æ og þær fást í næstu verzlun. Hér þarf áreiðanlega róttækari aðgerðir, ef voðanum á að vera bægt frá þjóðinni. Og þegar um er að ræða líf og heilsu fjölda manna á hverju ári, eru engin úrræði of dýru verði keypt eða of róttæk.

Ég tel, að hér þurfi að stiga skrefið til fulls, banna með öllu innflutning og sölu á sigarettum til landsins eftir 1. jan. 1972. Það er sú eina ráðstöfun, sem að gagni kemur, og sá bezti stuðningur, sem hægt er að veita þeim, sem skortir viljastyrk til að hafna sigarettureykingum með öllu. Þetta er raunverulega eitt stærsta slysa-varnarmál þjóðarinnar. Þótt sigaretturarnar hverfi, virðist eftir sem áður nægilegt tóbak á markaðinum, sem minni hætta stafar af. Þeir, sem endilega vilja fórna tóbakinu fjármunum sínum og heilsu, eiga þrátt fyrir þetta margra kosta vól.

Margir lækningar hafa hætt að reykja hin síðustu árin. Það hefur komið fram í viðtölum við þá, að viðburður sé, að reykingar sjáist á fundum þeirra. Þeir lækningar, sem einna mest hafa lagt hér af mörkum, eru: Bjarni Bjarnason læknir og ritstjóri, Hrafnkell Helgason yfirlæknir, Ólafur Ólafsson læknir og Sigurður Samúelsson prófessor. Þeir eru ekki í neinum vafa um það, að sigarettureykingar eru mikill áhrifavaldur að lungnakrabba og öðrum hættulegum lungnasjúkdómum, kransæðasjúkdómum og lífsháski börnum og unglíngum. Þeir fullyrða, að sigarettureykingar séu eitt stærsta heilsuvandamál þjóðarinnar nú og aðeins sambærilegt við það, er berklarnir voru í algleymingi.

Er hægt að loka augunum fyrir þessum háska, sem stórum hluta þjóðarinnar er búinn? Er hægt að horfa á það aðgerðarlaust árum saman, að hópur manna tapi heilsu sinni og lífi árlega af þessum orsökum? Er hægt að láta það afskiptalaust, að börn og unglíngar glati framtíð sinni og lífshamingju með því að gerast þrælur þessarar eiturnautnar?

Vafalaust eru allir sammála um, að þetta má ekki ske og eitthvað verði að gera. Fræðsla um hættuna er sjálfsögð og hvers konar viðvaranir. Það er þó vitað mál, að takmarkaður hópur reykingarmanna tekur allt slíkt til greina. Sumir aðeins fyrst og skella svo skolleyrnunum við. Ástríðan í sigaretturarnar, sem hvarvetna er að fá, verður yfirsterkari. Einfaldasta og öruggasta ráðið er því að taka hættuna frá þeim, sem haldnir er ástríðunni, og alveg sérstaklega, ef með því mætti takast að forða börnum og unglíngum — von framtíðarinnar — frá þeim háska, sem reykingum er samfara. Það er kannske mest um vert.

Vafalaust koma hinar venjulegu mótbárur fram gegn frumvarpi þessu, að öll bönn séu hættuleg. Auðvelt sé að smygla sigarettum. Framkvæmdin verði erfið. Ekki skal gert lítið úr því, að við mörg vandamál geti hér verið að glíma, einkum fyrstu árin. Hins vegar er aðstaða Íslendinga í þessum efnun nokkuð sérstæð miðað við aðrar þjóðir. Íslendingar framleiða ekki sigarettur sjálfir. Samgöngur við landið eru aðeins á sjó og í lofti. Fjölmennit og vaxandi tollgæzlulið er til í landinu. Það hefur nú hafið baráttu gegn „hassinu“ og öðrum eitrefnum, sem bannaður er innflutningur á. Kemur nokkrum til hugar að leyfa sölu á slíkum eitrefnum, þótt tilraunir séu gerðar til að smygla þeim inn í landið? Vonandi ekki. Sama hugarfarið mun með tímanum myndast gegn sigarettum, þegar þjóðin hefur enn betur sannfærzt um það tjón, er þær valda.

Margar þvingunarráðstafanir eru gerðar af Alþingi í þeim tilgangi að tryggja hagsæld þjóðarinnar. Fyrir 14 árum voru sett lög um skyldusparnað unglínga. Þá töldu ýmsir, að hér væri um að ræða óþarfa íhlutun um einkamál manna, og margir unglíngar urðu æfir við. Nú telja flestir þetta einhverja viturlegustu og beztu löggjöf síðari ára og dettur engum í hug að afnema hana. Þvert á móti var skyldusparnaðurinn færður í aukana fyrir nokkrum árum, og voru allir um það sammála hér á Alþingi.

Ýmsir héraðsskólar í landinu leggja algert bann við reykingum nemenda, og varðar brot á þeim reglum burtrekstri. Það er viðurkennt, að skólabragurinn sé beztur og námsárangurinn mestur í þeim skólum, þar sem þessar reglur eru í hávegum hafðar.

Þannig mætti halda lengi áfram að rekja dæmi um það, að margvísleg boð og bönn eru nauðsynleg og forsenda að heilbrigðu menningarlífi. Hins vegar þarf almenningur að skilja þörfina fyrir öllum bönnum, svo að gagnvart þeim skapist jákvætt viðhorf. Eftir vitnisburð lækna og margra vísindamanna um hina miklu hættu af sigarettureykingum mun þess ekki langt að bíða, ef það er ekki nú þegar fyrir hendi, að þjóðin telji aðflutningsbann eðlilegt og ætlist til þess af Alþingi, að það stígi það spor vafningalaust. Hér er stórmál á ferðinni, sem varðar líf og heilsu svo margra. Alþingi hefur látið sig varða það, sem minna máli skiptir.

Orðið mengun hefur oft verið notað í ræðum og greinum að undanfögnu. Gætir þar stundum allmikilla öfga í landi hinnar óstöðugu veðráttu í miðju Atlantshafi. En ein er sú mengun lofta, er færri tala um, en það eru hinar stöðugu sigarettureykingar, hvar sem er og hvenær sem er. Á heimilum, í áætlunarbifreiðum, í fundarherbergjum, á skemmtistöðum og skrifstofum. Alls staðar leyfa menn sér að eitra hið ferska og tæra andrúmsloft með reykingum, rétt eins og það komi engum við nema reykingamönnunum sjálfum. Og svo langt getur smekkleysið og tillitsleysið gengið, að sjónvarpið lætur það viðgangast, að menn þúi sigarettureyk og öðrum reyk á skerminn. Slíkt ætti stofnunin að hanna, svo sjálfsagt sem það er.

Bjarni Bjarnason læknir — ritstjóri hins merka tímarits Krabbameinsfélags Íslands: Fréttabréf um heilbrigðismál, — er einn af hinum óþreytandi læknum undanfarin ár að vara við sigarettureykingum. Hefur hann skrifað og þýtt fjölda greina um þau efni, auk margra erinda. Í 4. töl. Fréttabréfsins 1970 er svofelld grein, er nefnist: Er ósæmilegt að reykja í viðurvist annarra?

„Einu sinni þótti það gott og gilt, að menn hræktu í allar áttir, á gólfm heima hjá sér og öðrum og hvar sem þeir voru staddir. Loks kom að því, að þetta þótti ekki lengur hafandi. Forustumenn heilbrigðismálanna fordæmdu þessar aðfarir og bentu á þá miklu sýkingarhættu, sem væri því samfara, auk sóðaskaparins. Almenningsálitið snerist smátt og smátt á sveif með þessum mönnum. Hrákadallar komu til sögunnar, og nú urðu allir að nota þá. Sú skoðun varð seinna ríkjandi, að þeir væru ófögnuður, sem ætti að hverfa, og almenningsálitið snerist einnig gegn þeim. Þar með voru þeir úr sögunni. Almenningsálitið er völdugt afl, sem erfitt er að standa gegn, en það er breytilegt eftir tímum, sem lífað er á. Nú er kominn tími til, að það breytist gagnvart reykingum, og að því þarf að stefna. Reykingamenn anda ekki reyknun frá sér inn í neina geyma, heldur þúa þeir honum framan í allt og alla. Fólk þyrfti að geta fallizt á, að það sé ósæmilegt að reykja, þar sem annað fólk er viðstatt og sérstaklega í viðurvist ókunnugra. Það ætti vitanlega enginn að leyfa sér að eyðileggja andrúmsloftið fyrir öðrum. Það samræmist tæpast góðum þjóðarvenjum. Og þegar nú hefur sannast, að dvöl fólks í reykfylltum vistarverum, þó að það reyki ekki sjálft, veldur oft alvarlegum sjúkdómum, sem fara jafnan versnandi hjá þeim, sem þeir einu sinni hafa náð tökum á, er engum blöðum um það að fletta, að slíkt má ekki viðgangast. Það er nógu langt gengið, að fólk eyðileggi sína eigin heilsu, vitandi vits og af fullum ásetningi, þó að því leyfist ekki einnig að fara eins með annað fólk, sem ekkert hefur til saka unnið. Almenningsálitið er aflið, sem getur hindrað þetta. Sú stund hlýtur að nálgast, að það komi til liðs við þann málstað, sem berst fyrir að firra fólk þeim ógnum, sem af sigarettureykingum stafa. Spjöld, sem stendur á: „Bannað að hrækja á gólfm“ eru úr sögunni. Þau eru ekki lengur nauðsynleg. Spjöld með áletruninni: „Reykingar bannaðar“ munu einnig hverfa, vegna þess að almenningsálitið hlýtur að koma til hjálpar, svo að þeirra gerist ekki heldur þörf.“

Hér að framan hefur aðeins verið rælt um heilsufarslegu hlið málsins, sem alvarlegust er og flestir ættu að óttast. En mál þetta hefur fleiri hliðar, sem allar benda í sömu átt. Þetta er gífurlegt fjárhagsspursmál fyrir marga. Sá, sem reykir pakkann á dag, eyðir í það 20—25 þús. kr. á ári a. m. k., og mun það ekki óalgengt. Sé um hjón að ræða, sem þannig stendur á fyrir, er hér skattur á ári að upphæð 40—50 þús. kr. Skyldi ekki vera betra að verja þessari upphæð á annan veg og losna við það andrúmsloft, sem myndast á slíkum heimilum og er a. m. k. ekki æskilegt fyrir börn að alast upp í?

Því er hér ekki síður mikið í húfi fyrir þjóðfélagið fjárhagslega séð. Baráttan við þá alvarlegu sjúkdóma, sem sigarettureykingarnar valda að dómi læknanna, er dýr. Heilbrigðisþjónustan, sjúkrahús, lyf og læknishjálp, kostar ríki og sveitarfélög háar fjárhæðir. Tjón vegna tapaðra vinnustunda, skertrar starfsorku og styttri starfsævi er þó enn þungri fórn fyrir samfélagið.

Margar fleiri röksemdir mætti draga hér fram, sem styðja þá skoðun flutningsmanns, að ekki megi dragast lengur að taka mál þetta föstum tökum og gera þá einu ráðstöfun, sem veldur tímamótum í þessum málum og bægir hættunni frá, svo að um munar — hættu, sem flestir viðurkenna nú orðið. Ég vænti því, að máli þessu verði vel tekið, bæði af háttvirtu Alþingi og ekki síður af þjóðinni, sem svo mjög á undir því, að hér sé skörulega á málum haldið og tekizt á við vandann af fullri alvöru.